

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 28. marz 1947, um breyting á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Upphaf 3. efnismálsgr. 1. gr. laganna orðist svo:
Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

- a. 42% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 15% skattsins renni í ríkissjóð, unz greiddar eru að fullu skuldir, er ríkissjóður tekur að sér að greiða vegna byggingarkostnaðar þjóðleikhússins.
- c. 35% skattsins renni í félagsheimilassjóð og skal varið eftir því, sem fyrir er mælt í l. nr. 77/1947, um félagsheimili.
- d. 8% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal helmingur þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en helmingur til kennslukvikmyndasafns.

2. gr.

Innheimta skal skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, og skulu tekjur af því álagi renna til ríkissjóðs. Heimilt er ráðherra að greiða helming af tekjum þessum til Sinfóníuhljómsveitarinnar.